

PARKET

LAUGARDAGUR 30. ÁGÚST 2014

Kynningarblað



Vandað Tarkett-parket í Álfaborg

Álfaborg hefur þjónustað landsmenn í rúmlega aldarfjórðung. Þar fæst mikið úrval gólfefna fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili. Reyntslumiklir starfsmenn veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf. Útsala stendur yfir í versluninni í Skútuvogi 6.

Álfaborg hefur verið þekkt fyrir flísar í gegnum árin en parketdeildin okkar er sífellt að stækka,“ segir Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfaborgar. Hann bendir á að verslunin hafi það fram yfir margar aðrar að bjóða heildarlausnir í gólfefnum. „Í Álfaborg færðu flísar, parket, teppi og dúka. Allt á gólfu á einum stað.“

Tarkett-gæðaparket

Í Álfaborg er gott úrval af parketi frá Tarkett sem er einn stærsti parketframleiðandi í Evrópu. „Þetta er mjög flott fyrirtæki frá Svíþjóð sem hefur verið á markaði á Íslandi í áratugi og mjög góð reynsla verið af gólfefnunum frá því,“ segir Kolbeinn. Frá Tarkett er bæði hægt að fá viðarparket og harðparket. „Helsta nýjungin núna er að við bjóðum harðparket í löngum tveggja metra borðum en áður var típísk lengd í kringum 1,30 metrar. Þá eru borðin einnig breiðari. Með þessu fæst þetta flotta plankaparkets-útlit sem hefur verið og er ennþá gríðarlega vinsælt,“ segir hann.

Harðparketið sterkt og ódýrt

Inntur eftir muninum á viðar- og harðparketi svarar Kolbeinn: „Harðparket er plastparket í sparifötunum. Það er vandaðri gerð af plastparketi og endingarbetri.“ Hann segir harðparket alltaf að verða líkara og líkara viðarparketi í útliti. „Harðparketið er gríðarlega sterkt efni og ódýrara en viðarparketið sem er aðalástæðan fyrir vinsældum þess. Þú getur fengið tvo fermetra af harðparketi á móti einum af viðarparketi,“ útskýrir

Kolbeinn sem telur eina ókostinn við harðparketið vera meiri hljóðbærni. „En það getum við leyst með góðu undirlagi sem við í Álfaborg erum sterkir í.“

En af hverju velja sumir viðarparket fyrst harðparketið er svona gott? „Viðurinn er auðvitað náttúrulegt efni þar sem engar tvær spýtur eru eins. Það eru margir sem vilja þessa upprunalegu útgáfu.“

Eikin vinsæl

Kolbeinn bendir á að allt viðarparketið frá Tarkett komi lakkað og tilbúið til lagningar. „Þá má geta þess að allt viðar- og harðparket frá Tarkett er með svokallaða two-lock endalæsingu sem gerir það einstaklega þægilegt í lögn.“ Hann segir hægari tiskusveiflur í parketi en flísum sem Álfaborg er jú þekktast fyrir. Eikin er ríkjandi í parketi líkt og undanfarin ár. „Eikin í mismunandi útfærslum er ennþá það sem markaðurinn sækir í.“

Mikil reynsla og gott verð

Í Álfaborg starfar reynslumikið fólk. „Ætli við séum ekki samanlagt með nokkur hundruð ára reynslu hér innanborðs,“ segir Kolbeinn glaðlega en starfsfólk Álfaborgar aðstoðar viðskiptavini við allt sem viðkemur gólfefnum allt frá vali á efni til þess hvernig best sé staðið að lagningu. „Þá seljum við parket á mjög samkeppnishæfu verði miðað við gæði,“ segir Kolbeinn.

Allar nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Álfaborgar má finna á www.alfaborg.is.



Útsala
stendur yfir
í Álfaborg
þessa dagana.

OPIÐ VERÐUR
FRÁ 10 TIL 14
Á LAUGARDÖGUM
Í VETUR.

Tarkett plankaparket

Verðdæmi:
190 mm Eik Rustik burstuð
matlökkuð 7990.- m²

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Versalir gerðu parket vinsælt

Evrópubúar tróðu mold undir tánum langt fram á sautjándu öld. Þegar kom að endurnýjun á gólfefnum í Versalahöll voru gólfín fagurlega spónlögð í ýmis konar mynstrum. Þar með varð parketið vinsælt gólfefni í höllum og heldri manna húsum.

Fram til 1625, eða um það bil, voru flest gólf í evrópskum húsum hörd moldargólf. Þeir sem höfðu ráð á annarri hæð ofan á hífli sín lögðu þau úr einföldum viðarborðum.

Á barokktímabilinu 1625 til 1714 urðu viðargólf öllu glæsilegri og það hófst allt þegar marmaragólf í salarkynnum Versalahallar árið 1684 fyrir ferningslaga spónlagðar tréplötur, eða parket. Viðarbrúttum var raðað saman í mynstur, skrúbbað yfir með sandi, litað og bónað.

Fiskibeinamynstur, tígla-mynstur og stjörnur mátti sjá víða í höllum og á heldri manna heimilum. Efnaminna fólk brá á það ráð að mála mynstur á gólfborðin hjá sér. Með iðnbyltingunni um



Fiskibeinamynstur í einu herbergja Versalahallar. Þegar marmaragólf í salarkynnum var skipt út í höllinni á 17. öld voru gólf hallarinnar fagurlega lögð með viðarborðum í ýmis mynstur. Parkett komst í tísku í höllum og í heldri manna húsum.


aldamótin 1800 hófst fjöldaframleiðsla á viðarborðum í stöðluðum stærðum með gufuknúnum sögum. Með iðnbyltingunni varð

einnig sú tækni til að fella gólfborð saman í nót.

wikipedia.org
woodfloordoctor.com



De Notaler í Antwerpen, skáli byggður á 18. öld með fagurlega lögðu parketi.



Vetrarhöllin í Sankti Pétursborg. Byggð á árunum 1725 - 1837.

**PARKETPLANKAR Á BETRA VERÐI
- BEINT FRÁ VERKSMÍÐJU -**

www.parketverksmidjan.is, Síðumúla 31, 108 Reykjavík

OKKAR EIGIN FRAMLEIÐSLA

**PARKET
VERKSMÍÐJAN**

Flikkað upp á fjalirnar

Gömul fjalagólf þykja afar sjarmerandi og vilja margir halda í þau í lengstu lög, jafnvel þó þau séu orðin vel lúin. Almennu eru þau fallegust með viðaráferð en séu þau þeim mun lúnari getur verið ráð að mála.

Svart-hvít tígla-mynstur er sigilt en skákmunstur er auðveldara að útfæra. Í báðum tilvikum þarf að mæla fyrir öllum hliðum hvers ramma og afmarka með málningarlímbandi áður en byrjað er að mála. Besta ráðið er þó að nota ferkantaðan stensil og líma í kringum hann. Ferkantað kassalok þjónar sama tilgangi.

Eigi fyrirhöfnin að borga sig og málningin að endast er nauðsynlegt að velja slitsterka málningu með talsverðum glans svo auðvelt sé að þrifa.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, s. 512 5429, jonivar@365.is

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Korkparket með viðarútliti ...sameinar mýkt og fegurð.

Komdu við í sýningarsal okkar og sjáðu úrvalið..



...þú finnur muninn.



P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

ÞÚ SPARAR TUGI ÞÚSUNDA Á ÚTSÖLUNNI!



Hjartalog



Casa dolce casa®



ÚTSALA

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

15-50% AFSLÁTTUR

Birgisson



Við náum til fjöldans

Póstdreifing

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. **Örugglega til þín.**

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Við sjáum að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hlæf ef þau koma í ofbætti



Parket er sannkölluð heimilisprýði sem krefst vandlegra þrifa með réttum hreinsiefnum og áhöldum.

Hvernig á að þrifa parketgólf?

Parketgólf gefa heimilinu fagan og stásslegan blæ og setja punktinn yfir i-ið til að fullkomna fagurfræðilegan stíl heimilisins. Með góðri umgengni og réttum aðferðum við gólfþvottinn endist náttúruleg áferð parketsins um langa framtíð.

- Vatn og viðargólf eru afleit blanda. Notið því vatn sparlega við þrif á parketgólum og tryggið að gólfinn þorni hratt og vel.
- Notið sóp og ryksugu til að fjarlægja ryk, laus óhreinindi og mylsnu af yfirborði gólfins. Mikilvægt er að fjarlægja öll laus yfirborðsóhreinindi þar sem örsmá korn og sandur fínrispa parketið þegar skúr- að er.
- Gætið þess að hafa ryksuguhausinn á mjúkri stillingu til að forðast rispur og skemmdir á parketinu. Færið til húsgögn svo þrifið sé undan þeim líka.
- Vatn án gólfþvottar dugur ágætlega til gólfþvottar ef óhreinindi eru lítil.
- Notið hreinsiefni sem eru sérstaklega framleidd fyrir tré- og parketgólf. Parketsápur eru hannaðar til að bæta parketið með nærandi efnum til að vernda það, auka endingu þess og gefa því fallett útlit.
- Notið moppu, vatn og viðeigandi parketsápur til að fara mildum höndum um parketið. Notið eins lítið vatn og sápu og unnt er til að forðast vatnsskemmdir.
- Notið ávallt mjúkar moppur en aldrei skúringarskrúbb til verksins og aldrei sterk eða ætandi hreinsiefni á parketið.
- Trégólf drekkur hratt í sig raka. Þurrkið því tafarlaust upp allan vökva sem lendir á gólfinu og haldið því þurru til að koma í veg fyrir að viðurrinn verpi og skemmist.
- Þegar parket hefur þornað eftir gólfþvott er fallett að bera á það parketbón til að fá á það fallettan gljáa. Lesið leiðbeiningar vel áður en hafist er handa við að bóna.
- Klippið klær gæludýra til að hlífa parketinu við rispum.
- Gott er að draga gluggatjöld fyrir sólríka glugga ef sólskin er langtímum saman til að parketið upplitist ekki.
- Gætið vel að rakastigi innanhúss. Opnið glugga þegar eldamennska stendur yfir og þegar verið er í heitu baði til að draga úr röku lofti og auka endingartíma gólfanna.

Úrval og gæði aldrei verið meiri

BYKO hefur í mörg ár verið leiðandi fyrirtæki í sölu á parketi, bæði í spónlögðu viðarparketi og harðparketi. Algengustu viðartegundirnar, svo sem eik og askur, eru alltaf til á lager en einnig er boðið upp á sérpantanir. Sífellt fleiri velja harðparket frekar en viðarparket. Harðparketið sem BYKO selur er með 10 til 30 ára ábyrgð frá framleiðanda.

Steirer-parket sem er austurrískt, spónlagt hágæða smelluparket er til í miklu úrvali hjá BYKO, bæði lakkað og olíuborið. „Lakkaða parketið er með UV-lakki sem veldur síður upplitun þar sem sólin nær að skína á það, segir Örn Haraldsson, sölustjóri hjá BYKO. „Þykkt á harðviðarlaginu er 3,6 millimetrar sem er þykkari spónn en almennt gerist á markaðnum og þar af leiðandi endist það lengur.“

Algengustu tegundirnar til á lager

Örn segir gæðaeftirlitið í BYKO vera mjög strangt. „Allur frágangur er þannig að fljótlega, og þar af leiðandi ódýrara, er að leggja parketið en áður. Þriggja stafa parketið er alltaf vinsælast en plankaparket, þar sem yfirborðið er með heilum spæni allt upp í nítján sentimetra á breidd er að verða vinsælla með tímanum. Algengustu viðartegundirnar svo sem eik og askur eru ávallt til á lager,“ segir Örn og bætir því við að boðið sé upp á sérpantanir á parketi í mörgum viðartegundum með mismunandi áferð og gljástigi.

Harðparketið eins og náttúrulegt viðarparket

Krono Original parket er svokallað harðparket sem hefur þróast mikið undanfarin ár bæði í gæðum og í áferð og er framleitt af stærsta harðparketframleiðanda í Evrópu. „Úrvalið er mikið og reglulega koma nýir litir og áferð. Aðalkosturinn við harðparketið er sá að erfitt er að greina hvort á gólfum sé ekta viðarparket eða harðparket þar sem áferðin er eins og um náttúrulegan við sé að ræða. Varan er orðin það vönduð að framleiðandinn býður tíu til þrjátíu ára ábyrgð ef parketið er meðhöndlað samkvæmt leiðbeiningum.“

Umhverfisvernd tekin alvarlega

Gólfefnið frá Krono Original er umhverfisvænt þar sem varan er unnin úr sjálfbærum skógum. Öll framleiðslan til fullunninnar vöru er vottuð af óháðum aðilum þar sem umhverfisvernd er tekin alvarlega. „Parketið er unnið með tækni þar sem allt að 25 mismunandi mynstur eru á milli borða og því nánast engin endurtekning sýnileg.

Parket er til í miklu úrvali hjá BYKO, bæði viðarparket og harðparket í mismunandi litum og áferð.



Örn Haraldsson, sölustjóri hjá BYKO, segir fyrirtækið hafa verið leiðandi í sölu á parketi í mörg ár. MYNDR/ANDRI MARINO

Kostirnir við harðparketið eru margir, til dæmis er engin hætta á upplitun þegar rauðvín eða olía hellist á gólfið. Harðparketið er auðvelt að þrifa og verðið oftast mun lægra en á viðarparketi. Svo er hægt að fá sumar tegundir allt upp í 240 sentimetra á lengd sem er sú lengd sem flest allt viðarparket er framleitt í og þá er þykktin meiri eða allt að tíu millimetrar í staðinn fyrir sjö til átta millimetrar. Það hefur verið þannig undanfarið að sífellt fleiri velja harðparket frekar en viðarparket,“ segir Örn.



Austurrískt hágæða spónlagt smelluparket frá Steirer er til í miklu úrvali hjá BYKO.



Krono
Original

VERÐVERND BYKO
LÆGRA
VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



facebook.com/BYKO.is



MOTTUR VERNDA PARKETIÐ

Mjúkar bómullarmottur eru bjargvættir viðargólfsins. Á þeim svæðum sem mikið er gengið um og þar sem hættu er á að eitthvað hellist niður er gott að smella einni slíkri mottu og minnka þannig álagið á viðinn. Gott er að færa þessar mottur til reglulega til að liturinn undir þeim haldist sá sami og annars staðar þar sem sólin nær að skína og lýsa upp viðinn.

Best er að ganga ekki um viðargólf í skóm. Að öðrum kosti þarf að huga vel að því að hælaskór séu heilir svo þeir rispi gólfíð síður. Gott er að geyma mjúka inniskó við útidyrnar og smella sér í þá við heimkomu.



PARKET NÝTIST VÍÐA

Þótt parket sé almennt notað til að leggja á gólf er hægt að nýta það á ýmsa aðra vegu og þá sérstaklega afganga.

Það er einfalt að útbúa skurðarbretti úr parketafgöngum og ekki þarf flókin verkfæri til þess. Yfirleitt er nóg að líma fjalirnar saman en sé um stórt bretti að ræða er öruggara að negla þær við krossvið. Parketfjalirnar eru pússaðar niður og olía borin á þær fyrir notkun.

Þykkt harðviðarparket er einnig nýtt ofan á barborð enda er það sterkt og endingargott. Barborð þurfa að þola vel hnask og raka og þar getur gott parket hjálpað mikið til.

Það hefur einnig færst í vöxt undanfarin ár að stakir veggir eða nokkrir veggir heimila og fyrirtækja séu klæddir parketi. Brúnleitir viðurinn í bland við málningu setur þannig skemmtilegan og lífligan svip á umhverfið.

FELIÐ RISPUR Í GÓLFINU

Þegar parket hefur gegnt hlutverki sínu um árabil þá eru eflaust komnar rispur og sár á mestu álagsstaðina. Ef slitið er ekki það mikið að það þurfi að pússa allt parketið upp má redda sér með nokkrum húsráðum til að rispurar sjáist minna.

Ef rispan er grunn og nær ekki niður í viðinn má reyna að nudda blöndu af sítrónusafa og matarolíu með hreinum klút yfir rispuna þar til hún hverfur.

Ef rispurar eru dýpri og ná niður í viðinn má fara nokkrar leiðir til að fela þær. Nuddið valhnetu- eða möndlukjarna yfir rispuna, það eru náttúrulegar olíur í kjarnanum sem fela rispurar. Þá er líka hægt að lita í rispurar með tepoka, kaffikorg, vaxlitum eða augnabruanalit.

Ef ekkert af þessu gengur má skella teppi á gólfinn yfir verstu rispurar.



Harðparket
Eik Trilogy 8 mm
Vnr. 146931

Viðarparket
Hvíttaður Askur
Vnr. 146840

Viðarparket
Eikarplanki Natur
Vnr. 146924

20% afsláttur
af öllu parketi á útsölu
Húsasmiðjunnar

Ný gólefnadeild Skútuvogi

Þekkt vörumerki á lægra verði

Húsasmiðjan býður þekkt vörumerki á lægra verði. Áratuga reynsla og þekking á gólfefnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Harðparket
Hnotuplanki 10 mm fasaður
Vnr. 147063



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956